

AUGLÝSING

um gildistöku meginreglna í hagskýrslugerð.

Meginreglur í hagskýrslugerð hafa nú verið endurskoðaðar með hliðsjón af breytingum á Evrópu-reglugerð nr. 223/2009, um evrópskar hagskýrslur, sem hagstofustjórar evrópska hagskýrslusamstarfsins (European Statistical System Committee) samþykktu þann 16. nóvember 2017. Á grundvelli Evrópureglugerðarinnar, sem tekið hefur gildi hér á landi í samræmi við EES-samninginn, gilda eftirfarandi meginreglur um opinbera hagskýrslugerð hér landi. Reglurnar eru ætlaðar stjórnvöldum ESB og aðildarríkjum þess og hagskýrsluyfirvöldum, þ.e. Hagstofu ESB (Eurostat), hagstofum einstakra ríkja og öðrum sem hafa með höndum opinbera hagskýrslugerð í aðildarríkjum ESB.

Hagstofa Íslands tekur ásamt öðrum hagstofum EFTA-ríkjanna fullan þátt í evrópska hag-skýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins. Reglugerð nr. 223/2009 hefur verið tekin upp í EES-samninginn og birt hér á landi en í því felst að mælst er til að meginreglurnar gildi fyrir íslensk stjórnvöld, Hagstofu Íslands og fyrir aðrar opinberar stofnanir sem fást við opinbera hagskýrslugerð hér á landi eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 223/2009.

Meginreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, öðlast þegar gildi og skal beita þeim við opinbera hagskýrslugerð hér á landi, sbr. lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007. Frá sama tíma fellur niður auglýsing nr. 1086/2016, um gildistöku meginreglna í hagskýrslugerð.

Forsætisráðuneytinu, 26. nóvember 2019.

Katrín Jakobsdóttir.

Benedikt Árnason.

Fylgiskjal.

MEGINREGLUR í evrópskri hagskýrslugerð¹.

Meginreglur í evrópskri hagskýrslugerð eru byggðar á 15 reglum um stofnanaumhverfi, framleiðsluferli hagtalna og hagskýrslur. Við mat á framkvæmd reglnanna er stuðt við mælistíkur um gott verklag við hverja meginreglu. Gæðaviðmið eru samkvæmt lögum um evrópska hagskýrslugerð.

Hagskýrsluyfirvöld, þ.e. framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat), hagstofur einstakra ríkja og aðrar hagskýrslustofnanir sem bera ábyrgð á þróun, framleiðslu og miðlun evrópskra hagtalna, ásamt stjórnvöldum, ráðuneytum og ráði Evrópusambandsins skuldbinda sig til þess að fylgja reglunum.

Meginreglurnar, ásamt meginreglum gæðastjórnunar, mynda umgjörð um evrópska hagskýrslusamstarfið.

Stofnanaumhverfi.

Stofnanabundnir og skipulagslegir þættir hafa umtalsverð áhrif á skilvirkni og trúverðugleika hagskýrsluyfirvalda sem hanna, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum. Meginreglurnar sem skipta máli eru faglegt sjálfstæði, samræming og samstarf, umboð til gagnasöfnunar og aðgangur að gögnum, fjárhagslegt bolmagn, gæðaskuldbindingar, trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð, óhlutdrægni og hlutlægni.

¹ Samþykktar 28. september 2011 af hagstofustjórum evrópska hagskýrslusamstarfsins, European Statistical System Committee (ESSC).

Meginregla 1: Faglegt sjálfstæði.

Faglegt sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart öðrum stjórnvöldum, stofnunum og einkageiranum tryggir trúverðugleika evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- 1.1 Sjálfstæði hagstofa og Eurostat (Hagstofu Evrópusambandsins) gagnvart stjórmálaöflum og annarri utanaðkomandi íhlutun við að hanna, framleiða og miðla opinberum hagskýrslum er bundið í lög og tryggt gagnvart öðrum hagskýrsluyfirvöldum.
- 1.2 Hagstofustjórar hagstofa innan evrópska hagskýrslusamstarfsins og Eurostat og, þar sem við á, yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda eru það hátt settir í embættismannastiganum að þeir eiga aðgang að stjórnvöldum og stofnunum framkvæmdarvaldsins. Fagleg hæfni þeirra er óvefengjanleg.
- 1.3 Hagstofustjórar hagstofa innan evrópska hagskýrslusamstarfsins og Eurostat og, þar sem við á, yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda bera ábyrgð á því að evrópskar hagskýrslur séu hannaðar, framleiddar og þeim miðlað án íhlutunar annarra.
- 1.4 Hagstofustjórar hagstofa innan Evrópska hagskýrslusambandsins og Eurostat og, þar sem við á, yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda bera einir ábyrgð á ákvörðunum um aðferðafræði, staðla og verklag, innihald hagskýrslna og hvenær þær skuli birtar.
- 1.5 Verkáætlunar í hagskýrslugerð eru birtar og reglubundnar skýrslur unnar um framgang þeirra.
- 1.6 Útgáfum á hagskýrslum er haldið skýrt aðgreindum frá stjórmála- og stefnuyfirlýsingum.
- 1.7 Viðkomandi hagstofa, Eurostat og önnur hagskýrsluyfirvöld, eftir því sem við á, gera opinberlega athugasemd við tölfraðileg málefni, þar með talið gagnrýni á hagtölur og misnotkun á þeim, sé það talið viðeigandi.
- 1.8 Verklag við ráðningu og skipun hagstofustjóra hagstofa innan evrópska hagskýrslusamstarfsins og Eurostat og, þar sem við á, yfirmenn hagskýrslugerðar annarra hagskýrsluyfirvalda er gegnsætt og eingöngu byggt á faglegum forsendum. Ástæður þess að viðkomandi sé vikið úr embætti eru tilgreindar í lögum. Þær mega ekki leiða til þess að slakað sé á faglegu eða vísindalegu sjálfstæði.

Meginregla 1b: Samræming og samstarf.

Hagstofur í evrópska hagskýrslusamstarfinu og Eurostat tryggja samræmingu á hönnun, framleiðslu og miðlun á evrópskum hagskýrslum í hagskýrslukerfi viðkomandi lands og innan evrópska hagskýrslusamstarfsins. Hagskýrsluyfirvöld eru virk í evrópska hagskýrslusamstarfinu til að tryggja hönnun, framleiðslu og miðlun evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- 1b.1 Hagstofur, hver í eigin landi, samræma hagskýrslugerð annarra stjórnvalda sem hanna, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum. Þær eru þannig eini tengiliðurinn fyrir Eurostat um málefni sem varða hagskýrslur. Innleiðing á samræmingarhlutverkinu, bæði innan hvers lands og í Evrópu, er studd með lögum og vel skilgreindu verklagi.
- 1b.2 Hagstofustjóri viðkomandi lands útbýr, ef þörf krefur, viðmiðunarreglur til að tryggja gæði við hönnun, framleiðslu og miðlun evrópskra hagskýrslna. Innleiðing reglnanna er mæld og rýnd.
- 1b.3 Samstarfi á mismunandi stjórnstigum hagskýrsluyfirvalda er stöðugt viðhaldið og það þróað. Slíkt samstarf skal vera á milli hagstofa og við ráðgjafanefndir evrópska hagskýrslusamstarfsins, aðila að seðlabankakerfi Evrópu, menntastofnanir og aðra alþjóðlega aðila eftir því sem við á.

Meginregla 2: Umboð til gagnasöfnunar og aðgangur að gögnum.

Hagskýrsluyfirvöld hafa skýrt lagalegt umboð til að safna og fá aðgang að upplýsingum úr margvislegum gagnalindum til að útbúa evrópskar hagskýrslur. Stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur hefur

lagalegar skyldur til að veita aðgang að gögnum eða láta í té gögn sem þarf til að útbúa evrópskar hagskýrslur að beiðni hagskýrsluyfirvalda.

Mælistikur:

- 2.1 Hagskýrsluyfirvöld hafa lagalegt umboð til að safna og fá aðgang að upplýsingum úr margvíslegum gagnalindum til að hanna, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum.
- 2.2 Hagskýrsluyfirvöld hafa lagalegar heimildir til að fá tafarlausán aðgang án endurgjalds að stjórnsýslugögnum til að nota þau til hagskýrslugerðar. Til að stjórnsýslugögn henti betur til hagskýrslugerðar skulu hagskýrsluyfirvöld höfð með frá upphafi við hönnun og þróun á þeim og eins ef á að hætta gerð þeirra.
- 2.3 Hagskýrsluyfirvöld hafa lagalega heimild til að krefjast svara við tölfraðilegum könnunum.
- 2.4 Opna skal fyrir aðgang að öðrum gögnum til hagskýrslugerðar eins og þeim sem eru í vörslu einkaaðila, enda eru trúnaður og gagnaöryggi tryggð.

Meginregla 3: Bolmagn.

Hagskýrsluyfirvöld hafa nægilegt bolmagn til að standast kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- 3.1 Mannauður, fjármagn og tæknilegt bolmagn eru nægileg, bæði að magni og gæðum, til að mæta kröfum hagskýrslugerðar hverju sinni.
- 3.2 Umfang, sundurliðun og kostnaður við hagskýrslugerð er í samræmi við þarfir.
- 3.3 Verklagsreglur eru tiltækar til að meta og réttlæta þörf fyrir nýjar hagskýrslur miðað við kostnað.
- 3.4 Verklagsreglur eru tiltækar til að meta áframhaldandi þörf fyrir alla hagskýrslugerð til að athuga hvort leggja megi niður einhverja þeirra eða draga úr þeim til að losa um fjármagn.

Meginregla 4: Gæðaskuldbindingar.

Hagskýrsluyfirvöld hafa gæðaskuldbindingar að leiðarljósi. Þau fara kerfisbundið og reglulega yfir styrkleika og veikleika til að bæta verkferla og gæði afurða og vinna að nýsköpun.

Mælistikur:

- 4.1 Gæðastefna er skilgreind og birt opinberlega. Skipulag og verkfæri gæðastjórnunar eru fyrir hendi til að takast á við gæðastjórnun.
- 4.2 Verklagsreglur eru fyrir hendi til að skipuleggja, hafa eftirlit með og bæta gæði í framleiðsluferli hagskýrslna, þar með talið samþættingu gagna frá margvíslegum gagnalindum.
- 4.3 Eftirlit er haft með gæðum afurða og þær metnar út frá hugsanlegum málamiðlunum. Greint er frá niðurstöðum í samræmi við gæðavíðmiðanir evrópskra hagskýrslna.
- 4.4 Helstu hagskýrsluafurðir eru endurmetnar reglulega og ítarlega, einnig með aðstoð utanað-komandi sérfræðinga þegar við á.

Meginregla 5: Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð.

Fyllilega er tryggt að friðhelgi gagnaveitenda (heimila, fyrirtækja, stjórnsýslu og annarra svarenda) sé virt. Farið er með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og þær eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar. Gagnaöryggi er algjörlega tryggt.

Mælistikur:

- 5.1 Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð eru lögbundnar.
- 5.2 Starfsfólk undirritar trúnaðarheit við ráðningu.
- 5.3 Viðurlög eru við trúnaðarbroti að yfirlögðu ráði.
- 5.4 Starfsfólk fær viðmiðunarreglur og leiðbeiningar um að gæta að trúnaðarkvöðum hagskýrslna í framleiðsluferli þeirra. Stefna um trúnað í hagskýrslugerð er birt opinberlega.

- 5.5 Nauðsynlegar reglur, ásamt stjórnunarlegum, tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, eru til staðar til að tryggja öryggi og heilleika hagskýrslugagna og jafnframt tryggja öryggi við gagnasendingar. Þessu er komið á í samræmi við bestu aðferðir, alþjóðlega staðla og í samræmi við evrópsk og innlend lög.
- 5.6 Strangar siðareglur gilda um aðgang utanaðkomandi aðila að tölfræðilegum örgögnum í rannsóknarskyni.

Meginregla 6: Óhlutdrægni og hlutlægni.

Hagskýrsluyfirvöld hanna, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum af vísindalegum heilindum og á hlutlægan, faglegan og gegnsæjan hátt þannig að komið sé fram við alla notendur á sambærilegan hátt.

Mælistikur:

- 6.1 Hagskýrslur eru byggðar á hlutlægum grunni sem ræðst af tölfræðilegum sjónarmiðum.
- 6.2 Val á gagnalindum og tölfræðiaðferðum svo og ákvarðanir um miðlun hagskýrslna eru byggðar á tölfræðilegum sjónarmiðum.
- 6.3 Villur sem finnast í útgefnum hagskýrslum eru leiðréttar og leiðréttigar birtar eins fljótt og auðið er.
- 6.4 Upplýsingar um gagnalindir, aðferðir og verklagsreglur eru aðgengilegar almenningi.
- 6.5 Tilkynnt er fyrir fram um birtingardag og -stund hagskýrslna.
- 6.6 Tilkynnt er fyrir fram um meiri háttar endurskoðun hagskýrslna og breytingar á aðferðum.
- 6.7 Hagskýrsluyfirvöld taka sjálfstæðar ákvarðanir um tímasetningar og innihald birtra hagskýrslna en hafa þó til hliðsjónar það markmið að veita fullnægjandi tölfræðilegar upplýsingar á tilsettum tíma. Allir notendur hafa jafnan aðgang að birtum hagskýrslum á sama tíma. Forgangur utanaðkomandi aðila er takmarkaður, vel réttlættur, stýrður og gerður opinber. Sé upplýsingum lekið eru forgangsheimildir endurskoðaðar til að tryggja óhlutdrægni.
- 6.8 Birting hagskýrslna og yfirlýsingar á fréttamannafundum eru hlutlægar og óhlutdrægar.

Framleiðsluferli hagskýrslna.

Farið er að fullu eftir evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og góðum starfsvenjum í ferlinu sem hagskýrsluyfirvöld nota til að hanna, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum en jafnframt er stöðugt leitað leiða til nýsköpunar. Orðspor góðrar stjórnunar og skilvirkni við hagskýrslugerð eykur traust á hagskýrslum. Þær meginreglur sem skipta máli eru traust aðferðafræði, viðeigandi tölfræðiaðferðir, hófleg svarbyrði og kostnaðarhagkvæmni.

Meginregla 7: Traust aðferðafræði.

Gæði hagskýrslna byggjast á traustri aðferðafræði. Þetta krefst fullnægjandi tækni, aðferða og sérfræðibekkingar.

Mælistikur:

- 7.1 Samræmd aðferðafræði í evrópskri hagskýrslugerð fylgir evrópskum og öðrum alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og góðum starfsvenjum um leið og stöðugt er leitað leiða til nýsköpunar.
- 7.2 Fyrirliggjandi verklag tryggir að hagskýrsluyfirvöld beiti markvisst stöðluðum hugtökum, skilgreiningum, flokkunum og öðrum stöðlum.
- 7.3 Grunnskrár og úrtaksrammar fyrir evrópskar hagskýrslur eru yfirlarfir reglulega og lagfærðir ef nauðsyn krefur til að tryggja að þær séu vandaðar.
- 7.4 Flokkunarkerfi til innlendra nota eru í fullu samræmi við samsvarandi evrópsk flokkunar-kerfi.
- 7.5 Fólk með viðeigandi háskólamenntun er ráðið til starfa.
- 7.6 Hagskýrsluyfirvöld koma á stefnu um starfsmiðaða símenntun fyrir starfsfólk sitt.

- 7.7 Hagskýrsluyfirvöld viðhalda og þróa samstarf við vísindasamfélagið til að bæta aðferðafræði, skilvirkni þeirra aðferða sem beitt er og til þess að hvetja til nýrra og betri aðferða þar sem því verður við komið.

Meginregla 8: Viðeigandi tölfræðiaðferðir.

Viðeigandi tölfræðiaðferðir sem hafa verið innleiddar í framleiðsluferli hagskýrslna auka gæði beirra.

Mælistikur:

- 8.1 Þegar evrópskar hagskýrslur eru byggðar á stjórnsýslugögnum og öðrum gögnum svara skilgreiningar og hugtök sem þar eru notuð, eins vel og hægt er, til þess sem krafist er vegna hagskýrslugerðar.
- 8.2 Sé um að ræða kannanir eru spurningalistar prófaðir skipulega áður en þeim er beitt til gagnasöfnunar.
- 8.3 Framleiðsluferli hagskýrslna er háð reglubundnu eftirliti og er endurbætt eftir þörfum.
- 8.4 Stýring lýsigagna í hagskýrslugerð tekur mið af framleiðsluferli hagtalna og er þeim miðlað á viðeigandi hátt.
- 8.5 Endurskoðun hagskýrslna fylgir viðurkenndu, traustu og gegnsæju verklagi.
- 8.6 Samkomulag er gert við eigendur stjórnsýslugagna og annarra gagna þar sem fram koma sameiginlegar skuldbindingar vegna notkunar gagnanna til hagskýrslugerðar.
- 8.7 Hagskýrsluyfirvöld vinna með vörluaðilum stjórnsýslugagna og annarra gagna til að tryggja gæði þeirra.

Meginregla 9: Hófleg svarbyrði.

Svarbyrði er í samræmi við þarfir notenda og íþyngir svarendum ekki óhóflega. Hagskýrsluyfirvöld fylgjast með svarbyrði og setja sér markmið um að draga úr henni með tímanum.

Mælistikur:

- 9.1 Kröfur evrópskar hagskýrslugerðar um umfang og sundurliðun takmarkast við það sem talið er algerlega nauðsynlegt.
- 9.2 Hagskýrsluyfirvöld fylgjast með svarbyrði og dreifa henni eins og kostur er milli þýða við kannanir.
- 9.3 Gögn sem aflað er frá fyrirtækjum eru, eftir því sem kostur er, tiltæk úr bókhaldi þeirra en tölvutækni er beitt eftir atvikum til að auðvelda gagnaskil.
- 9.4 Stjórnsýslugogn og aðrar gagnalindir eru notaðar þegar þær eru tiltækar til að koma í veg fyrir tvítekningu í gagnabeiðnum.
- 9.5 Samnýtingu og sambættingu gagna er komið á til að lágmarka svarbyrði, enda eru kröfur um trúnað og gagnaöryggi uppfylltar.
- 9.6 Hagskýrsluyfirvöld gera ráðstafanir til að auðvelda tengingu gagnalinda til að minnka svarbyrði.

Meginregla 10: Kostnaðarhagkvæmni.

Auðlindir (fjármunir, starfsmenn, búnaður og aðrar eignir) eru nýttar af hagkvæmni.

Mælistikur:

- 10.1 Innri og óháðir ytri aðilar fylgjast með auðlindanýtingu hagskýrsluyfirvaldsins.
- 10.2 Tækifæri sem felast í upplýsinga- og samskiptatækni eru nýtt eins og kostur er til aukinnar framleiðni í hagskýrslugerð.
- 10.3 Áhersla er lögð á að auka gildi stjórnsýslugagna og annarra gagnalinda og takmarka notkun á beinum könnunum.
- 10.4 Hagskýrsluyfirvöld efla, deila og koma á stöðluðum lausnum sem auka markvirkni og skilvirkni.

Hagskýrslur.

Birtar hagskýrslur uppfylla þarfir notenda. Þær uppfylla evrópska gæðastaðla, þarfir evrópskra stofnana, stjórnvalda, rannsóknarstofnana, fyrirtækja og almennings. Gæði hagskýrslna eru mæld út frá notagildi, nákvæmni, áreiðanleika, tímanleika, samræmi, samanburðarhæfni milli landsvæða og landa og hversu auðvelt aðgengi er fyrir notendur, þ.e. meginreglum 11 til 15.

Meginregla 11: Notagildi.

Hagskýrslur fullnægja þörfum notenda.

Mælistikur:

- 11.1 Verklag um samráð við notendur er til staðar í því skyni að fylgjast með notagildi og virði núverandi hagskýrslna miðað við þarfir þeirra. Þetta verklag er einnig til að athuga og sjá fyrir komandi þarfir og áherslur. Nýsköpun er stunduð til að bæta stöðugt hagskýrslur.
- 11.2 Í starfsáætlunum er brýnustu þörfum notenda mætt.
- 11.3 Ánægja notenda er mæld reglulega og niðurstöðum fylgt eftir á kerfisbundinn hátt.

Meginregla 12: Nákvæmni og áreiðanleiki.

Evrópskar hagskýrslur lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt.

Mælistikur:

- 12.1 Frumgögn, samþætt gögn, niðurstöður á vinnslustigi og hagskýrslur eru metnar reglulega og sannreyndar.
- 12.2 Úrtaksskekkjur og aðrar skekkjur eru metnar og skráðar kerfisbundið samkvæmt evrópskum stöðlum.
- 12.3 Endurskoðanir á hagskýrslum eru greindar reglubundið til að bæta frumgögn, framleiðsluferli hagskýrslna og hagskýrslur.

Meginregla 13: Tímanleiki og stundvísí.

Evrópskar hagskýrslur eru birtar eins fljótt og kostur er og á tilsettum tíma.

Mælistikur:

- 13.1 Tímanleiki samrýmist evrópskum og öðrum alþjóðlegum stöðlum um birtingu.
- 13.2 Hagskýrslur eru jafnan birtar á sama tíma dags og sá tímí er birtur opinberlega.
- 13.3 Tíðni evrópskra hagskýrslna miðast við þarfir notenda eftir því sem við verður komið.
- 13.4 Frávik frá birtingaráætlun eru auglýst fyrir fram, þau skýrð og nýr birtingartími tilkynntur.
- 13.5 Birta má bráðabirgðaniðurstöður af ásættanlegri nákvæmni og áreiðanleika þegar það er talið gagnlegt.

Meginregla 14: Samræmi og samanburðarhæfi.

Evrópskar hagskýrslur eru sjálfum sér samkvæmar, samfelldar frá einu tímabili til annars og samanburðarhæfar milli landsvæða og ríkja. Hægt er að tengja og samnýta skyld gögn af mismunandi uppruna.

Mælistikur:

- 14.1 Hagskýrslur eru samræmdar innbyrðis og sjálfum sér samkvæmar.
- 14.2 Hagskýrslur eru samanburðarhæfar yfir tímabil að því marki sem er raunhæft.
- 14.3 Hagskýrslur eru byggðar á almennum stöðlum hvað snertir umfang, skilgreiningar, einingar og flokkanir í mismunandi rannsóknum og gagnalindum.
- 14.4 Hagskýrslur sem unnar eru úr gagnalindum af ólíkum uppruna og hafa mismunandi tíðni eru bornar saman og þær samræmdar.

- 14.5 Samanburðarhæfi gagna milli ríkja er tryggt innan evrópska hagskýrslusamstarfsins með reglubundnum samskiptum milli evrópska hagskýrslusamstarfsins og annarra hagskýrslukerfa. Nán samvinna á sviði aðferðafræði á sér stað milli aðildarríkjanna og Eurostat.

Meginregla 15: Aðgengi og skýrleiki.

Evrópskar hagskýrslur eru settar fram á auðskilinn máta og gefnar út með viðeigandi hætti sem er hentugur, aðgengilegur og hlutlaus, ásamt lýsigögnum og leiðbeiningum sem styðji við þær.

Mælistikur:

- 15.1 Framsetning og skjölun hagtalna og viðkomandi lýsigagna er þannig að hún gefur færí á réttri túlkun og raunhæfum samanburði.
- 15.2 Nútíma upplýsinga- og samskiptatækni, aðferðir, verkvangur og staðlar fyrir opin gögn eru notaðir til að miðla hagskýrslum.
- 15.3 Sérnviðin greining er látin í té eftir föngum og hún gerð opinber.
- 15.4 Veita má aðgang að örgögnum til vísindarannsókna eftir settum reglum þar að lútandi.
- 15.5 Hagskýrsluyfirvöld hafa umsjón með lýsigögnum hagskýrslna og miðla þeim í samræmi við gæðastaðla evrópska hagskýrslukerfisins.
- 15.6 Notendur eru upplýstir um aðferðafræði við gerð hagskýrslna, þar á meðal um notkun og samþættingu stjórnsýslugagna og annarra gagna.
- 15.7 Notendur eru upplýstir um gæði hagskýrslna með tilliti til gæðaviðmiða í evrópskri hagskýrslugerð.